

LÖG

um breytingu á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34/1991, með síðari breytingum (búsetuskilyrði).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „enda séu viðkomandi aðilar búsettir eða með heimilisfesti“ í 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: eða um þá sem eru búsettir.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „enda séu viðkomandi ríkisborgarar“ í 1. mgr. kemur: eða um þá sem eru.
- b. Á eftir orðinu „Færeyingar“ í 2. mgr. kemur: og þeir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 12. desember 2019.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.